

Fjármálaráðuneytið
Skrifstofa kjara- og mannauðsmála
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 25. september 2025

SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

Efni: Umsögn um áform um afnám áminningarskyldu úr lögum um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til ofangreinds áformaskjals, sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda 12. september sl. Í áformunum er gert ráð fyrir að breyta lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna og afnema skyldu til að áminna starfsmann áður en til uppsagnar kemur.

FA tekur undir það sem segir í áformaskjalinu, um að áminningarskyldan samræmist hvorki upphaflegum markmiðum laganna um bætta þjónustu við almenning og að tryggt sé að hæft fólk fái til almannaþjónustu né núverandi markmiðum stjórnvalda um bætt starfsumhverfi til handa starfsfólki ríkisins. Almenn talað tekur félagið undir þann rökstuðning sem fram kemur í áformaskjalinu.

FA hefur ítrekað lagt til afnám áminningarskyldunnar, til dæmis í tillögum sínum til hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar fyrr á árinu. Líkt og þar kom fram, verður að mati félagsins að afnema þau sérréttindi, sem felast í áminningarskyldunni. Ítrekað hefur komið fram í könnunum á meðal forstöðumanna ríkisstofnana að þeir telja starfsmannalögin standa í vegi fyrir skilvirkni, hagræðingu og bættri þjónustu í opinberum rekstri. Í ljósi þess að kjör starfsmanna ríkisins eru orðin sambærileg eða betri en á einkamarkaði og lífeyrisréttindi samræmd til framtíðar er fullkomin tímasökkja að viðhalda tvískiptum vinnumarkaði að þessu leyti. Sveigjanlegra starfsmannahald ríkisins er lykilatriði, eigi markmið ríkisstjórnarinnar um hagræðingu og sparnað í ríkisrekstrinum að ná fram að ganga.

Í núverandi kerfi felst ekki aðeins sóun og óskilvirkni. Ýmis dómsmál hafa verið í fréttum, þar sem opinberum starfsmönnum, sem voru augljóslega ekki að standa sig í starfi eða brutu alvarlega af sér, voru engu að síður dæmdar bætur úr vasa skattgreiðenda vegna þess að ekki var farið eftir hinu flókna áminningarferli upp á punkt og prik. Slík mál misbjóða réttlætiskennd almenning – og þess stóra meirihluta opinberra starfsmanna sem standa sig í starfi – og hafa þær afleiðingar að stjórnendur hika við að beita ferlinu og leyfa starfsfólki, sem ætti að finna sér annan starfsvettvang, frekar að halda áfram störfum á kostnað skattgreiðenda.

Afnám áminningarskyldunnar er ekki eingöngu hagkvæmnis- og réttlætismál. Það varðar líka samkeppni á vinnumarkaðnum. Einkafyrirtæki eiga æ erfiðara með að keppa við stjórnsýsluna um fólk. Í skýrslu Intellecton, sem unnin var fyrir FA 2023, var sýnt fram á að á undanförunum árum hefur launamunur milli opinberrar stjórnsýslu og einkamarkaðarins nánast horfið. Launakostnaður á hverja vinnustund í opinberri stjórnsýslu hefur farið mjög hækkandi, mun meira en á almenna markaðnum. Um leið njóta opinberir starfsmenn ýmissa sérréttinda umfram starfsfólk á almennum vinnumarkaði,

s.s. styttri vinnuviku, lengra orlofs, ríkari veikindaréttar og meira starfsöryggis. Ekki eingöngu eru þessi sérréttindi opinberra starfsmanna til kostnaðarauka fyrir skattgreiðendur heldur gera þau einkafyrirtækjum torvelt fyrir að keppa við stjórnsýsluna um sérhæft starfsfólk, einkum sérfræðinga og stjórnendur.

Í máli talsmanna starfsmanna hins opinbera hefur komið fram að áminningarskyldan sé vörn fyrir geðþóttaákvörðunum stjórnenda hjá ríkinu eða pólitískum hreinsunum. Í áformunum er gert ráð fyrir að málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaganna gildi áfram um uppsagnir eða lausn um stundarsakir, sem rekja má til starfsmannsins sjálfs, þannig að áfram verði tryggt að ákvarðanir verði málefnalegar, réttmætar sem og meðalhófs gætt. Þá muni nefnd sem starfar á grundvelli 27. gr. starfsmannalaga áfram hafa skilgreint hlutverk í tilviki embættismanna vegna sérstöðu þeirra. Þannig verði embættismenn ekki leystir frá störfum að fullu nema að undangengnu áliti þeirra nefndar. Að mati FA felst í þessu meira en fullnægjandi vernd gagnvart ómálefnalegum uppsögnum.

FA hvetur eindregið til þess að áformaskjalið verði unnið áfram og lagt fram frumvarp á Alþingi um afnám áminningarskyldunnar. Félagið áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Þá er félagið ævinlega reiðubúið að funda með ráðuneytinu.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA